

Hjálpumst að heima og heiman

Við sendum þér 2.900 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda.



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, á góðri stundu í vinnuferð í porpinu TA Makhwira í Malaví.

Mynd/Hjálparstarf kirkjunnar

Styðjum hvert annað

Fyrir síðustu jól fengu 1.783 fjölskyldur um allt land aðstoð hjá Hjálparstarfinu og samstarfsaðilum. Árið 2021 leituðu 1.570 fjölskyldur til okkar en þetta er aukning um 13,5%.

Erfið staða fólks á lífeyri og lágttekjufólks hefur ekki farið fram hjá neinum. Verðbólga, verðhækkanir og hækkaður kostnaður vegna húsnæðis gerir stöðu hinna verst settu enn erfiðari. Af þeim sem sóttu um aðstoð til okkar eru 49,6% á almennum leigumarkaði og 46% eru einstæðir foreldrar (af einstæðum foreldrum eru 84% einstæður mæður). 35% eru á örorkulífeyri, 20% á framfærslu sveitarfélaganna og 8% eru á atvinnuleysisbótum.

Það stefnir í óefni ef kostnaðarhækkanir halda áfram og ekkert er að gert. Þessir hópar sem ég nefni munu þá standa frammi fyrir enn erfiðari stöðu. Yfirvöld verða að bregðast við með einum eða öðrum hætti. Hjálparstarfið heldur áfram að veita neyðaraðstoð en ef fer sem horfir verður erfitt að svara þörfum allra sem hingað leita.

Alþjóðleg samvinna

Það er mikill styrkur fyrir Hjálparstarfið að vera aðili að Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna (ACT Alliance). Innan vébanda þessara alþjóðlegu samtaka eru 145 sjálfstæð samtök sem starfa í 127 löndum. Þegar náttúruhamfarir eiga sér stað er nánast öruggt að einhver af systursamtökum Hjálparstarfsins er á staðnum. Það átti til dæmis við þegar jarðskjálftarnir miklu riðu yfir Tyrkland og Sýrland í byrjun febrúar. Hjálparstarfið hefur þegar sent framlag til systursamtakanna Middle East Council of Churches (MECC) sem voru á staðnum og hófu neyðaraðstoð á fyrsta degi. Þetta er gott dæmi um hvernig alþjóðlegt samstarf gerir okkur kleift að styðja björgunarstarf á staðnum í samvinnu við heimamenn – sem hefst tafarlaust eftir að hamfarir riða yfir.

Grátt ofan á svart

Eftirlifendur náttúruhamfaranna í Tyrklandi og Sýrlandi hafast nú við á götum úti eða í neyðarskýlum. Nauðsynlegt er að hlúa að slösuðum, skjóta skjólshúsi yfir þá sem hafa misst heimili sín og miðla hjálpargögnum til þeirra sem hafa misst aleigu sína. Fram hefur komið að þegar hafa yfir 50.000 manns fundist látin.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, (WHO) telur að 26 milljónir manna í löndunum tveimur eigi um sárt að binda og þurfi á neyðaraðstoð að halda. Staðan á jarðskjálftasvæðum í Sýrlandi er mjög erfið, eyðileggingin gífurleg og milljónir manna hafa hvergi höfði sínu að halla. Aðstæður voru slæmar fyrir eftir 12 ára stríð en jarðskjálftinn hefur bætt gráu ofan á svart.

Það er ljóst að þörfin er mikil. Getur þú lagt starfi okkar lið með því að greiða valgreiðslu í heimabanka eða styrkja starfið eftir öðrum leiðum?

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri



Glæsilegur hópur krakka sem lagði á sig að dansa í sólarhring til að safna fyrir Hjálparstarfið.

Mynd/Heiðrún Helga

Gengið í hús og safnað með dansi

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar gengu í hús í fleiri en 60 sóknum um land allt í nóvember síðastliðnum. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku.

Alls söfnuðu fermingarbörnin tilvonandi 7.484.737 krónum og er framlag þeirra og fólksins sem tók vel á móti þeim afar dýrmætt. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Söfnunin í fyrrahaust var sú tuttugasta og önnur í röðinni en hugmyndin að þessu samstarfi Hjálparstarfsins við safnaði og kirkjur landsins kviknaði árið 1999. Hún var borin bréflega undir presta um allt land þá um haustið og var afar vel tekið. Safnanir fermingarbarna hafa síðan þá verið árlegur viðburður, ef haustið 2020 er tekið út fyrir sviga þegar ekki var safnað með formlegum hætti vegna sóttvarna í heimsfaraldri.

Dansmaraðon

Um 30 börn í Reykhólts-, Stafhólts-, Borgar- og Skálholtsprestakalli héldu svo dansmaraðon á dögnum og söfnuðu áheimum í stað þess að banka upp á hjá fólki með bauk í hönd.

Er þetta í annað sinn sem krakkar í Borgarfirði dansa til styrktar vatnsverkefni Hjálparstarfsins.

Hugmyndin vaknaði út frá því að sum barnanna búa í sveitinni og eiga því erfitt með að ganga í hús og því var þessi leið farin. Áheimum fyrir vatnsverkefnið var safnað í síma og á facebook og dansað í sólarhring. Einnig var fræðslu um verkefnið, helgistund og fermingarfræðslu fléttað saman við dansinn.

Alls söfnuðu krakkarnir rétt um 250.000 krónum, sem er risastórt framlag – vægast sagt!





Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona Skjólsins

Mikilvægur hlekkur í keðjunni

„Skjólið hefur sannað sig sem mikilvægur hlekkur í aðstoð við heimilislaust fólk, en í okkar tilfalli við konur sem glíma við þessa stöðu í sínu lífi,“ segir Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona Skjólsins – opins húss fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, sem opnaði dyr sínar árið 2021, eða fyrir rétt rúmlega tveimur árum.

Frá opnun Skjólsins hafa rúmlega 100 konur á aldrinum 18 – 72 ára komið í heimsókn. Á árinu 2022 komu 65 konur í 1.648 heimsóknir. Af þessum 65 konum voru 30 konur að koma í fyrsta skipti. Að meðaltali voru þá sjö konur í húsi á hverjum degi en að meðaltali komu 20 konur í heimsókn í hverjum mánuði.

Í febrúar og mars 2023 hefur aldrei verið eins mikil aðsókn í Skjólið en að meðaltali hafa verið 9-10 konur í húsi á hverjum degi, og allt að því 13-14 einstaka daga sem sýnir hversu mikil þörfin er.

Öruggur staður

Rósa Björg segir ljóst að aðalmarkmið Skjólsins sé að veita konunum öruggan stað til að vera á yfir daginn þar sem þær geta sinnt grunnþörfum sínum. Þarfir kvennanna eru mismunandi eftir hverri og einni en einnig getur verið dagamunur á hver þörfin er, en þær fá alla þá aðstoð sem þær óska eftir og aðstöðu og aðstoð við að sinna því allra nauðsynlegasta í daglegu lífi. Eins geta konurnar mælt sér mót við félagsráðgjafa, VoR — vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjavíkurborgar, Frú Ragnheiði sem Rauði krossinn rekur og fleiri sem koma að félags- og heilbrigðisþjónustu.

Engin í óskastöðu


„Það óskar sér enginn að vera heimilislaus,“ segir Rósa Björg sem leggur þunga áherslu á að starf Skjólsins felst ekki í því að bjarga nokkrum manni. Það sé mikilvægt að hafa í huga, þegar unnið er með fullorðnu fólki, að þetta er þeirra líf sem er

á þeirra ábyrgð. Það sé hægt að leiðbeina og styðja en það sé á þeirra forsendum og oft að þeirra frumkvæði í hverju aðstoðin felst.

„Fyrst og fremst eru þær þó konur eins og við hinar, eiga fjölskyldu og vini og vilja tilheyra samfélaginu.“

Rósa Björg segir að margar ástæður geti legið að baki þess að fólk verður heimilislaust, en allar eigi konurnar sem sækja Skjólið heim það sameiginlegt að eiga sögu áfalla. Þegar staðan er sú að kona er orðin heimilislaus sé hún berskjölduð fyrir endurteknum áföllum. Flestar noti þær því ýmis ráð til að deyfa þann sársauka sem áföllin bera með sér og eru þeirra bjargráð í einhverjum tilfellum ýmiss konar löglegir og ólöglegir vímueggjafar.

„Fyrst og fremst eru þær þó konur eins og við hinar, eiga fjölskyldu og vini og vilja tilheyra samfélaginu. Þær eiga sér drauma og þrár, eru margar hverjar mikið menntaðar en einhvers staðar á leiðinni skrikaði þeim fótur. Við sem manneskjur eigum meira sammannlegt en það sem skilur okkur að og getur hver sem er staðið í þeirra sporum. Aðspurð sagði ein af okkar konum að hún skammast sín ekki fyrir þá stöðu sem hún er í enda hafði hún enga stjórn á þeim aðstæðum sem hún lenti í,“ sagði Rósa Björg nýlega í viðtali við kirkjan.is í tilefni tveggja ára starfsafmælis Skjólsins.





Vatnsmiðlunin í Seba Kare flóttamannabúðunum í Tigray er sú eina sem byggð hefur verið frá upphafi stríðsins.

Hreint vatn fyrir þúsundir flóttafólks

Framkvæmdum við vatnsmiðlun í Seba Kare flóttamannabúðunum í hinu stríðshrjáða Tigray-héraði í Eþíópíu er lokið. Verkið var fjármagnað af stórum hluta af Hjálparstarfi kirkjunnar og íslenskum stjórnvöldum ásamt systurstofnunum Hjálparstarfsins í Ástralíu, Suður- og Norður Ameríku og víðar. Vatnsmiðlunin hefur verið afhent borgaryfirvöldum í héraðshöfuðborginni Mekelle.

Um samstarfsverkefni á vegum systurstofnana innan Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna – ACT Alliance og Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins (LWF) var að ræða en vatnsmiðlunin mun nýttast flóttafólki jafnt sem íbúum svæðisins. Ef af líkum lætur geta yfir 20.000 manns sótt sér hreint vatn í átta tíma hvern dag. Verklökin og starfsemi vatnsmiðlunarinnar eru tímamót þar sem hún er sú fyrsta og eina sem hefur verið byggð síðan blóðug borgarastyrjöld braust út á svæðinu í nóvember 2020.

Fjarlægur draumur

Í ræðu sinni á vigsluathöfn vatnsmiðlunarinnar þakkaði Sophie Gebreyes, framkvæmdastjóri LWF, Hjálparstarfinu og íslenskum stjórnvöldum, auk annarra samstarfsaðila, sérstaklega fyrir stuðninginn á verk tímanum. Án fjárhagslegs stuðnings og hvatningar hefði bygging veitunnar verið fjarlægur draumur.

Sophie sagði jafnframt að upphaflega hefði staðið til að flytja vatn til svæðisins með tankbílum. Uppbygging vatnsveitu hefði hins vegar þótt mun betri og sjálfbærari kostur, ekki síst í ljósi hversu flutningar vatns til svæðisins hefðu verið kostnaðarsamir. Þá er ótalið að slíkir flutningar vatns til svæðisins hefðu reynst afar flóknir í framkvæmd og fáar uppsprettur vatns hentugar í nágrenni Seba Kare búðanna.

Stórvirki

Verkefnið í Seba Kare hefur á framkvæmdatímanum verið tíðum breytingum undirorpið vegna vandkvæða við aðföng. Það var á endanum leyst með því að tengjast landsdreifikerfinu í stað þess að vélvæða vatnsveituna sérstaklega. Þetta hafði mikinn sparnað í för með sér og leysti úr tæknilegum vandkvæðum en á meðan átökin stóðu yfir var lokað fyrir rafmagn til svæðisins og eldsneyti rándýrt.

„Þetta hefði ekki verið gerlegt nema fyrir sveigjanleika samstarfsaðila okkar. Ég vil nefna að vatnsveitan er sú eina sem sett hefur verið upp í Tigray frá því að átökin hófust og því um stórvirki að ræða,“ sagði Sophie í ræðu sinni.

Á meðan átökin stóðu yfir frá nóvembermánuði 2020 þangað til deiluaðilar náðu samkomulagi um vopnahlé réttum tveimur árum síðar féllu öll önnur vatnsöflunarverkefni niður. Þýðing þess var að 4,7 milljónir manna höfðu ekki aðgang að heilnæmu vatni. Vatnsmiðlunin í Seba Kare mun hins vegar stórbæta daglegt líf fólks á stóru svæði þar sem lífsbaráttan er afar hörð.

„Vatnsmiðlun LWF í Seba Kare leysir úr einni af stærstu áskorunum svæðisins á tímum þar sem staðaryfirvöld höfðu engin ráð til að uppfylla þessar frumþarfir fólksins á svæðinu,“ kom fram í máli Charles Masanga, verkefnastjóra LWF.



HS VEITUR



ESKJA



Starfssaga Hjálparstarfsins í Malaví teygir sig all langt aftur. Á árunum 2005 til 2014 studdi Hjálparstarfið verkefni fyrir um 900 fjölskyldur sjálfsþurftarbænda í 37 þorpum.

Nýtt verkefni í Malaví snertir líf þúsunda

Fyrstu skrefin í nýju þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví voru tekin í upphafi árs. Markmið verkefnisins er að aðstoða fjölda fólks á þúsundum heimila við að auka viðnámsþrótt samfélagsins gegn öfgum í veðri af völdum loftslagsbreytinga og tryggja lífsviðurværi og fæðuöryggi fólks eins vel og mögulegt er. Þar er ekki síst horft til þess að grípa til varna þar sem veðuröfgar ganga harkalega á ræktarland, bæði vegna flóða og þurrka.

Rammasamningar Hjálparstarfs kirkjunnar og utanríkisráðuneytisins voru undirritaðir í fyrra en þeir hverfast um stuðning ráðuneytisins við verkefni Hjálparstarfsins á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Samkvæmt samningunum leggur ráðuneytið til framlag sem nemur stórum hluta af kostnaði við skilgreind verkefni. Verkefnið í Malaví sem er til þriggja ára og spannar árabilið 2023 til 2025 er sett á fót á grundvelli rammasamninganna.

Fyrsta vers

Malaví er landlukt land í Suðaustur-Afríku og liggur á milli Mósambík, Sambíu og Tansaníu. Helsta einkenni Malaví er Malaví-vatn sem nær yfir tæplega fimmtung landsins, en samtals er flatarmál Malaví 120 þúsund ferkílómetrar, litlu stærra en Ísland. Malaví er eitt fátækasta ríki heims en íbúar landsins eru um 20 milljónir. Landið er í 169 sæti af 191 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna (2021) en til samanburðar er Ísland þar íðulega í efstu fimm sætum.

Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins og Kristín Ólafsdóttir, verkefnastýra erlendra verkefna, fóru í vinnuferð til Malaví vikuna 21.-26. janúar sl. og var ferðin fyrsta vers í undirbúningi verkefnisins þar í landi. Vinnuferðin farin til að kynna samstarfsaðilum Hjálparstarfsins í landinu og undirbúa vinnuna framundan.

Áhugi heimamanna var áþreifanlegur, að sögn Bjarna og ferðin vel heppnuð. Hann segir að malavískt samfélag sé afturhaldssamt og staða kvenna beri þess merki. Eins sé greinilegt að fólkið er afar trúað og kirkjan er mikilvæg stofnun í samfélagi þeirra. Prestar á svæðinu eru því mikilvægir þátttakendur í starfinu og kynna m.a. verkefni þegar fólk sækir guðspjónustu.

Spilling er rótgróin í Malaví þó teikn séu á lofti um að árangur hafi náðst í þessu sambandi; Alþjóðabankinn hefur t.d. snúið til baka og tekur þátt í verkefnum en hafði áður bakkað út vegna vandamála tengd spillingu. Verkefni Hjálparstarfsins í Malaví verður unnið í samstarfi við Sambandi evangilískra kirkna (Evangelical Association of Malawi, EAM) sem njóta virðingar fyrir fagleg vinnubrögð í



Mynd/Hjálparstarf kirkjunnar

þróunarsamvinnu. Það er trú Hjálparstarfsins að grasrótarverkefni samtakanna megi teljast líklegra til skila árangri en ef fjármagn færi um hendur yfirvalda þar sem spilling er kerfislægur vandi.

Vatn til vandræða

Kristín verkefnastýra þekkir best til starfsins Malaví.

„Það sem einkennir verkefnasvæðið okkar í Chikwawa er að þar verða oft flóð og það er rótin að vanda fólksins á því svæði sem við munum starfa. Rigningar fjarri héraðinu valda flóðunum sem gera mikinn skaða sökum þess að búið er að höggva niður skóga í fjallshlíðunum en vegna fátæktar hafa íbúar svæðanna neyðst til að nýta viðinn með þessum afleiðingum,“ segir Kristín og bætir við að verkefnið snúist um að fólkið geti hjálpar sér sjálft, og því felst verkefnið ekki síst í fræðslu og námskeiðahaldi.

„Eitthvað það mikilvægasta er fræðsla, t.d. um mikilvægi þess að endurheimta gróður og tré sem bindur vatn í jarðveginum. Eins mun fræðslan lúta að því að efla viðbragðsgetu samfélagsins þegar hættulegar aðstæður skapast vegna rigninga. Þegar rignir á svæðum sem hafa áhrif í Chikwawa þá er nauðsynlegt að fólk viti það í tíma, t.d. til að verja ræktuð svæði og uppskeru. Það má líkja þessu við almannavarnir sem við þekkjum hér heima. Eins má nefna áttak til að fjölga þeim tegunum matjurta sem ræktaðar eru; í Chikwawa rækta nær allir mais og á uppskerutíma skapast offramboð sem veldur því að lítið fæst fyrir uppskeruna.

Fjölbreyttari afurðir og skilvirkari ræktunaraðferðir eru líklegar til að skila íbúum svæðisins bættum hag.

Fiskirækt kemur líka við sögu og bændurnir fá aðstoð við að stofna samvinnufélög. Slík félög gera bændunum frekar kleift að selja sínar eigin afurðir á markaði svo að ágóðinn nýtist þeim beint, en milliliðir éti ekki upp arðinn af vinnu þeirra.

„Þessir milliliðir kaupa gjarnan uppskeruna á lágu verði af fátækum bændum en selja á mun betra verði á markaði síðar,“ segir Kristín.

Malaví fyrr og nú

Starfssaga Hjálparstarfsins í landinu teygir sig all langt aftur. Á árunum 2005 til 2014 studdi Hjálparstarfið verkefni Evangelical Lutheran Development Service (ELDS) í Malaví sem snérist um vatnsöflun og betra lífsviðurværi fyrir um 900 fjölskyldur sjálfsþurftarbænda í 37 þorpum, og einmitt í Chikwawa héraði.

Markmiðið með verkefninu var að auka aðgengi að hreinu vatni með því grafa brunna og kenna fólki að nýta vatn til að tryggja betur fæðuöryggi. Eins snéri verkefnið að því að byggja kamra og handþvottaaðstöðu og fræða um nauðsyn hreinlætis. Trjám var plantað og námskeið voru haldin um umhverfisvernd og sjálfbærni. Jarðrækt var þróuð með nýjum korntegundum og skepnuhald styrkt með því að bændur fengu geitur og hænur til að bæta lífsafkomu sína. Það er því vel hægt að halda því á lofti að verkefnið sem nú er hafið sé framhald eldri verkefna í Malaví, þó áherslur séu aðeinhverju leyti aðrar.



Julias er 19 ára og er hér á mynd ásamt öðrum af tveimur bræðrum sínum; Peter, sem er 11 ára. Þeir eiga systur sem gekk í hjónaband þegar þegar hún var aðeins 15 ára. Þau misstu báða foreldra sína í miklum flóðum árið 2019.

Efast um að draumar hans rætist

Julias er 19 ára gamall malavískur piltur og býr í þorpinu TA Makhwira á verkefnasvæði Hjálparstarfsins í Chikwawa héraði. Hann er einn fjögurra systkina. Hann á tvo yngri bræður sem hann ber ábyrgð á en systir hans gekk í hjónaband fyrir nokkrum árum þegar hún var aðeins 15 ára að aldri.

Ástæða þess að hann er nú höfuð fjölskyldunnar svo ungur að árum, er sorgleg. Þau systkinin misstu báða foreldra sína þegar þau voru mjög ung. Mikil flóð riðu yfir Chikwawa-hérað árið 2019, og í þeim hamförum fórust bæði faðir þeirra og móðir. Síðan hafa þeir bræður staðið að mestu einir en hjónaband systur þeirra tengdist fráfalli foreldra þeirra beint og kom til af bráðri nauðsyn. Þau systkinin höfðu svo lítið á milli handanna að hún neyddist til að taka þessa stóru ákvörðun.

Foreldrar hans voru bændur. Þau leigðu landskika til ræktunar og þau höfðu allt sem þau þurftu; höfðu bæði í sig og á, án nokkurra vandamála. Það land sem þau höfðu rétt til að nýta í upphafi var það rýrt að uppskeran var takmörkuð en þeim tókst að tryggja sér réttinn til að rækta utan hans. Því höfðu þau úr nægu að móða og lifðu góðu lífi, að hans sögn. Eftir áfallið sem fráfali foreldra þeirra var hafa þeir bræður ekki lengur möguleika til að rækta land sér til matar.

Vill verja heimalandið

Bæði Julias og bræður hans sækja skóla. En þeir þurfa að taka alla tilfallandi vinnu þegar skóladegi lýkur – slík verk eru ekki mörg en oft þurfa þeir að vinna um helgar þegar helst er vinna að hafa.

Spurður um hvað hann vill helst gera í framtíðinni segir Julias að hann vilji halda áfram í skóla en að hann gæti hugsað sér að verða hermaður þegar skólagöngu lýkur.

„En ég efast um að það rætist,“ segir Julias sem bætir við að ástæðan fyrir þeim draumi sé sú að hann þekkir til manna úr héraðinu sem fóru þessa leið og hlutu virðingu frá samfélaginu. Ástæðan fyrir því að hann hyggst gerast hermaður eru því ekki launin heldur vill hann taka þátt í að verja heimaland sitt og njóta þeirrar virðingar sem þeirri stöðu fylgir í Malaví.

Julias hefur ekkert velt því fyrir sér hvort það biði hans að kynnast stúlku og stofna sína eigin fjölskyldu. Hann er sáttur í eigin skinni, eins og er. Hann telur að hjónaband sé ekki fyrir sig og hefur því engin áform um slíkt í nánustu framtíð. Enda eigi hann nóg með að leysa þær áskoranir sem blasa við honum dags daglega. Enginn tími sé til að hugsa um að stofna fjölskyldu, það sé óraunhæft eins og aðstæður þeirra bræðra eru í dag.



Fjölmargir hafa hrakist frá heimilum sínum vegna flóðanna og þeirra bíða erfiðir tímar.

Mynd/Norwegian Church Aid

Neyðarástand eftir illvígan storm

Afleiðingar hitabeltisstormsins Freddy sem barði á suðurhluta Malaví um miðjan mars eru hægt og bítandi að skýrast. Stormurinn skildi eftir sig slóð eyðileggingar og manntjóns. Stöðuskýrslur stjórnvalda í landinu lýsa því hvernig innviðir hafa stórskemmt víða um landið sunnanvert. Hálf milljón manna hefur hrakist frá heimilum sínum og tala látinna hækkar dag frá degi.

Fjölmörg héruð eru í sárum eftir að stormurinn gekk þar yfir um miðjan mánuðinn. Þetta á við héruðin Blantyre, Chiradzulu, Mulanje, Mwanza, Neno, Nsanje, Thyolo, Phalombe og Zomba auk Chikwawa-héraðs. Það síðast nefnda verður starfssvæði Hjálparstarfsins sem í upphafi árs hóf undirbúning nýs þróunarsamvinnuverkefnis í landinu í krafti rammasamnings Hjálparstarfsins við utanríkisráðuneytið.

Lazarus Chakwera, forseti Malaví, lýsti yfir neyðarástandi og síðar fjórtán daga þjóðarsorg í kjölfar eyðileggingarinnar. Íslensk stjórnvöld ákváðu strax að verja 500.000 Bandaríkjadöllum - jafnvirði 71 milljóna króna - til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, WFP, vegna neyðarástandsins. Framlagið nýtist stjórnvöldum í Malaví til björgunaraðgerða, við flutning á neyðargögnum og til þess að kaupa mat fyrir þær þúsundir sem reiða sig á matvælastuðning eftir hamfarirnar, eins og kom fram í Heimsljósi - upplýsingaveitu utanríkisráðuneytisins um þróunar- og mannúðarmál.

Hafa tapað aleigunni

Víða í landinu eru opinberar byggingar stórskemmdar; skólar, sjúkrahús sem og samgöngumannvirki. Margra er saknað en tala látinna hækkar stöðugt. Í stöðuskýrslu stjórnvalda sem dagsett er 22. mars var staðfest að á sjötta hundrað hafði þá fundist látin og fjölmargra var saknað.

Rúmlega 126.000 fjölskyldur hafa hrakist frá heimilum sínum. Alls hafast rúmlega 563.000 manns við í tæplega 600 búðum sem settar hafa verið upp fyrir þau sem geta ekki snúið heim vegna flóða, skriðufalla og mikið skemmdra innviða í landinu.

Neyðaraðstoð aðkallandi

Ljóst er að þörfin fyrir neyðaraðstoð á stórum svæðum í landinu er aðkallandi. Öll sem hafa þurft að flýja heimili sín hafa tapað miklu; margir aleigunni. Það sem gerir stöðu margra enn alvarlegri þegar til lengri tíma er litið er að tugþúsundir hektara ræktarlands hafa skolest burt í flóðum. Bráðabirgðatölur stjórnvalda greina frá því að fyrsta mat á töpuðu ræktarlandi er tæplega 35.000 hektarar en öruggt er talið að ræktað land sem tapast hefur sé miklum mun víðfeðmara.

Eins og fjallað er um hér á síðunum á undan er þungamiðja verkefnis Hjálparstarfsins í landinu að auka viðnámsþrótt samfélagsins gegn öfgum í veðri af völdum loftslagsbreytinga og tryggja lífsviðurværi og fæðuöryggi fólks eins vel og mögulegt er. Þar er ekki síst horft til þess að grípa til varna þar sem veðuröfgar ganga harkalega á ræktarland, bæði vegna flóða og þurrka.



Aðstæður fólks í fátækrahverfum Kampala eru oft á tíðum hræðilegar. Mynd/Porkell Þorkelsson

Dreymir um að lifa venjulegu heilbrigðu lífi

Zam, stúlkan sem prýðir forsíðu þessa fréttabréfs, býr ásamt móður sinni og bróður í pínulitlum skúr í fátækrahverfi í Kampala, höfuðborg Úganda. Fátæktin þar er nístandi. Bróðir Zam byrjar daginn á því að ganga í um klukkutíma í skólann þar sem hann er þar til rökkva tekur en þá gengur hann aftur heim. Nestið hans fyrir daginn er hnefayfylli af hnetum.

Hlédræg og döpur

Félagsráðgjafi og fræðslufulltrúi Hjálparstarfsins hittu Zam heima hjá henni fyrir skemmstu og gengu með henni til smiðju UYDEL þar sem hún er nýbyrjuð að læra hárgreiðslu. UYDEL er samstarfsaðili Hjálparstarfsins sem rekur smiðjur fyrir unglinga sem búa við sára fátækt svo þau geti lært iðn til að sjá sér farborða, ásamt því að læra um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Námið í smiðju UYDEL veitir Zam tækifæri til að sjá fyrir sér á mannsæmandi hátt.

Zam var hlédræg og döpur að sjá þegar við komum í heimsókn enda er saga hennar erfið. Foreldrar hennar hafa ekki haldið heimili saman og hún bjó hjá pabba sínum til 13 ára aldurs þegar mamma hennar gerði kröfu um að fá hana til sín. Mæðgurnar hafa hins vegar ekki náð að tengjast tilfinningaböndum og mamma Zam beitir hana hörðu. Zam gekk illa í námi, hætti að sækja skólann og hafði ekki fundið sér vinnu. Nágrannar hennar í hverfinu bentu starfsfólki UYDEL á að hún þyrfti á aðstoð að halda.

Geta ekki nestað börnin sín

Deborah Sarah Nakirijja er einn félagsráðgjafa UYDEL. Hún segir að allt of mörg börn og unglingar í Kampala flosni upp úr skóla vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki efni á að nesta þau. Svöng börnin geti ekki einbeitt sér, gangi illa og hætti að mæta. Þá sé hætt við því að þau leiðist út á glæpabrutina til að hafa í sig og á. Hún segir að UYDEL hvetji stjórnvöld til þess tryggja börnum máltíð í skólanum en að stjórnvöld segi að til þess skorti fjármagn.

Í skúrnum sem Zam og fjölskylda hennar býr í og fyrir utan hann var mikið rusl og opnir skolpskurðir sem við þurftum að hoppa yfir til að komast leiðar okkar. En það var jafnframt mjög mikið líf í hverfinu og fólkið tók okkur útlendingunum vel.

Inni í skúrnum var sófi, stóll og lítið sjónvarpstæki en líka hæna með unga sína sem trítluðu yfir tær okkar þar sem við sátum ogspjölluðum saman. Flestir innanstokksmunir héngu uppi á vegg en oft flæðir inn í kofaskriflin í hverfinu þegar rignir. Bak við stofurýmið sem er um 3 fermetrar að stærð var svo fleti til að sofa á. Fleiri voru vistarverur ekki. Neysluvatnið er sótt í hrörlegan brunn en kamar stendur hátt í hverfinu til að koma í veg fyrir að flæði inn í hann þegar rignir. Rusli henda íbúarnir í skurði við hlið kofanna enda engin sorphirða í hverfinu.

Hvað dreymir þig um?

Áður en Zam getur mætt í smiðju UYDEL á morgnana þarf hún að sækja vatn, koma bróður sínum af stað í skólann, þrifa skúrinn og hjálpa mömmu sinni að setja upp sölubás þar sem hún selur banana og grænmeti til að sjá fyrir fjölskyldunni.

Þegar við gengum með Zam að smiðju UYDEL í Rubagahverfi Kampala spurðum við hana um framtíðardrauma og hún svaraði því til að það væri að lifa venjulegu heilbrigðu lífi og starfa við hárgreiðslu. Félagsráðgjafar UYDEL nota einmitt sömu aðferð og félagsráðgjafar Hjálparstarfsins beita í starfi hér heima en það er að spyrja „hvað dreymir þig um?“ og liðsinna svo fólki til þess að sú framtíðarsýn geti ræst án þess að taka ábyrgðina frá einstaklingnum á liðan sinni og hegðun.

Gönguferð í snjónum

Þegar ég rölti í vinnuna á dimmum janúarmorgni þá nýt ég þess að heyra brakið í snjónum. Ég hugsa um hvað ég sé heppin að hafa góða heilsu og geta gengið í vinnuna. Ég hef líka efni á fatnaði sem heldur mér heitri og ég á góða skó til að ösla snjóinn á. Ég veit, að þrátt fyrir kuldann úti, þá bíður mín funheit skrifstofan, skemmtileg vinna, góðir vinnufélagar, kaffibolli og spjall.

Á göngunni fer ég að hugsa til þess, að þegar ég kem aftur heim þurfi ég að drífa mig í sturtu og vera svo klár í að fara að hitta hóp kvenna og njóta þess með þeim að spjalla og borða góðan mat. Já, og svo man ég það að ég þarf að lesa smávegis fyrir námskeið sem ég er á þessa dagana

Stúlka í Malaví

Þegar ég fer að nálgast vinnuna þá man ég líka eftir því að ég þarf að hringja í manninn minn til að minna hann á að millifæra peninga til vinfólks okkar í Malaví. Það er kominn tími á að greiða vorönnina fyrir dóttur þeirra sem er í 8. Bekk, því til að eiga möguleika á góðri menntun í Malaví þarf að greiða skólagjöld sem er ekki á allra færi, því miður.

Reyndar er skóli stúlkunnar lokaður þessa dagana vegna kólerufaraldurs í höfuðborginni eins og oft gerist á regntímanum þegar drykkjarvatnið mengast, en það er vonandi tímabundið ástand.

Þetta vinfólk okkar tilheyrir millistétt í Malaví. Þau hafa sæmilega menntun, búa í eigin húsi í höfuðborginni, eins og fyrr segir, en þarna er ekkert rennandi vatn og heldur engin fráveita og því er ekkert klósett eins og við þekkjum; aðeins kamar út í garði. Í húsinu er heldur engin eldunaraðstaða og því fer matargerðin fram utandyra á hlóðum þar sem kynt er undir með spreki og öðru lauslegu. Það er nefnilega ekkert hægt að treysta á rafmagnið, það er skammtað og því geta heilu hverfin verið rafmagnslaus tímunum saman án nokkurs fyrirvara.

Þetta vinfólk okkar á akur skammt fyrir utan borgina þar sem þau rækta matjurtir sér til matar en þar er ekki nein áveita og því er aðeins möguleiki á einni árlegri uppskeru þrátt fyrir veðursæld. Ekki bætir úr skák að undanfarið hefur verið á tilbúnum áburði margfaldast þannig að það svarar tæplega kostnaði að kaupa hann, en á sama tíma þá er brýnn skortur á matvælum í Malaví. Og heilbrigðiskerfið þar í landi er ekki upp á marga fiska.

Erum við hamingjusamari en þau?

Á okkar lífsskilyrðum og þessa vinfólks okkar er gríðarlegur munur. Við búum í einu ríkasta landi í heimi en þau í einu af þeim allra fátækastu. Okkar velsældarkvarðar og skilgreining á hugtakinu hagsæld geta engan veginn átt við þarna niðri í Malaví. En erum við hamingjusamari en þau? Það þarf ekkert að vera, en við erum í öruggara umhverfi, lífum líklega lengur og við betri heilsu. Og við höfum meiri möguleika á að mennta okkur til þeirra starfa sem við veljum, þannig að draumar okkar eru líklegri til að rætast. Við vitum hvað næsti dagur hefur upp á að bjóða og getum lagt höfuð á



Vilborg á góðum degi ásamt henni Thoko (lengst til vinstri) og vinkonum hennar. Mynd/Vilborg

kodda á kvöldin án þess að hafa stórar áhyggjur af því hvort að grunnþættir okkar samfélags virki næsta dag eða ekki.

En ég veit að hér á landi er líka mikil munur á þeim sem eru ríkir og fátækir. Því þarf að breyta og að það eru ekki allir sem búa við það sama öryggi og ég geri.

Alls kyns greinar og skýrslur

Þegar ég var beðin um að flytja þennan pistil* um hagsæld þá fannst mér fyrst liggja beinast við að leggjast í rannsóknir og finna til allskyns greinar og skýrslur um hagsæld og það hvernig hún er mæld og metin.

En vangaveltur mínar á leið í vinnu voru í raun allt sem ég vildi segja um hvað hagsæld innibæri; félagslegt öryggi, gott heilbrigðiskerfi, umhverfisþætti og góðan efnahag.

En við þurfum kannski að endurhugsa hvernig hið góða, eftirsóknarverða líf á vera og hvaða leið við, sem samfélag og einstaklingar, veljum til öðlast það. Er ekki kominn tími til að íslenska þjóðin hætti að vera í eilífum vertíðargír og vinni alltaf út frá því að þetta reddist. Að við hættum að hugsa í skammtímalausnum og setjum frekar mælanleg markmið til framtíðar.

Eða erum við ef til vill föst í þeirri hugsun að velferð og hamingja sé aðeins til staðar svo lengi sem við höfum stöðugan hagvöxt og aukinn kaupmátt? Er mælikvarðinn of fastur á hvað við getum eignast í stað þess að njóta þess sem við þegar höfum; hvort sem það er heilsan okkar, fjölskyldan, vinir eða stórkostleg náttúran í kringum okkur. Verður líf okkar betra ef við eignumst meira og meira en töpum á leið okkar því dýrmætasta sem við eigum, sem er að vera hluti af samfélagi þar sem allir skipta máli og allir njóta sömu réttinda.

Vilborg Oddsdóttir, verkefnastýra

Þökkum stuðninginn!

A. Margeirsson Ehf
Akureyrarbær
Akureyrarkirkja
Akureyrarkirkja
Álguggar Jg Ehf
Almenna Lögbjónustan Ehf.
Apótek Vesturlands Ehf
Arev Verðbréfafyrirtæki Hf.
Arkís arkitektar ehf.
Arkitektastofan Og Ehf
Bakkagerði Ehf.
Barkasuða Guðmundar ehf
Baugsbót ehf
Betra líf - Borgarhóll ehf
BF-útgáfa ehf.
Bílamál slf.
Bílamálun Sigursveins
Bílanaust ehf
Bílasala Reykjavíkur ehf.
Bílasmiðurinn Hf
Birtingaholt
Björn Rögnvaldsson ehf
BK ehf
Blikkrás Ehf
Blikksmiðjan Vík Ehf
Blómasetrið Ehf.
Boðunarkirkjan.Is Útvarp Boðun Fm 105.5
Bókasafn Vestmannaeyja
Bókhaldsstofa Haraldar slf.
Bókhaldsstofan Stemma ehf
Bókhaldsþjónusta Kom ehf.
Bókráð, Bókhald Og Ráðgjöf Ehf
Borgarblöð
Borlaug - Íbúðir ehf.
Bortækni ehf
Brauðhúsið Ehf
Breiðan ehf
Brunahönnun slf
BSRB
Burger-Inn ehf
Byggingarfélag Gylfa Og Gunnars Hf
Colas Island hf.
Dal-Björg ehf
Dansrækt Jsð
Dmm Lausnir Ehf
Dögun ehf
Dynkur Ehf
Dýralæknastofa Reykjavíkur Ehf.
Eðalf lutningar ehf
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Eining-löja
Eldhestar Ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Endurskoðun Vestfjarða Ehf
Endurskoðun Vsk ehf
Engilbert Óh Snorrason Tannlæknastofa Sf
Ennemm Ehf
Enor ehf
Eó-Tréverk sf.
Ergoline Ísland ehf
Eyri Invest hf.
Félag Íslenskra hjúkrunarfræðin
Félag Ópinberra Starfsm Austurl
Félag Vélstjóra Og Málmæknim
Fella- Og Hólaprestakall
Fidesta Ehf.
Fisk-Seafood Ehf.
Fjaðrabúðin Partur ehf

Fjallabyggð
Fjarðabyggð
Fjarðargrjót Ehf.
Fjarðaveitingar Ehf
Fjárhald Ehf
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Fræðslunetið - Símenntun Á Suðurlandi
Fríkirkjan Kefas
Frumskógar ehf.
G. Tómasson Ehf
G.Ben Útgerðarfélag Ehf
Garðabær
Gasfélagið ehf
Gb Tjónaviðgerðir Ehf.
Geir ehf útgerð
Geislakæmi Ehf, Laserþjónustan
Gjögur Hf.
Gljúfurubústaðir ehf
Godli ehf
Gp - Arkitektar ehf
Grímsnes Ehf
Grýtubakkahreppur
GT Tækni ehf.
GTIce ehf
Hagi ehf
Happdrætti Háskóla Íslands
Hásandur ehf.
Héraðsprent
Híbýlamálun,Málningarþjónusta Ehf
Hið Íslenska Bókmenntafélag
Höfðakaffi ehf
Hótel Eyvindará ehf
Hótel Laki ehf.
Hotel Lotus ehf.
Húsmiðlunin Ehf
Hvalfjarðarsveit
Hvalur Hf.
Index Tannsmiðaverkstæði Ehf
Ingi Hópförðir Ehf
Ísfröst ehf.
Íslensk Verðbréf
Íslenskt sjávarfang ehf
J.S.Þ.Viðskiptastofa ehf.
Jensen, Bjarnason Og Co ehf.
JHM Sport Ehf.
Jónar Transport Hf.
K. Valberg Slf.
K.F.O. Ehf
K.Steinarrson ehf
K.P. Verktakar Ehf
Kalka Sorpeyðingarstöð sf.
Kanon arkitektar ehf
Kjörís ehf.
Kjósarhreppur
Klausturkaffi Ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf.
Kökugerð H.P. Ehf.
Krossborg ehf
K-TECH Marine
Kvenfélagið lðunn
Lagnalist Ehf
Lagnþjónusta Þorsteins ehf
Lagsmaður ehf
Landshús Ehf.
Landssamband Lögreglumanna
Launafi Ehf.
Línan Ehf
Lindin, Kristilegt Útvarp

Loft Og Raftæki ehf
Loftorka Reykjavík ehf.
Lögfærðipjónusta Sigurðar Sigurjónssonar Hrl.ehf
Lostæti-Austurlyst ehf.
Magnús og Steingrímur ehf
Málaraverkstæðið Ehf
Malbikunarstöðin Höfði hf.
Markus Lifenet Ehf
Maron ehf
Marska ehf
Merking ehf.
Merking ehf.
Metatron ehf
Miðás Ehf.
Mörk Ehf, Gróðrarstöð
Mosfellsbakarí Ehf.
Múlalundur, Vinnustofa S.Í.B.S
Multivac Ehf
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar Hf
Nethamar Ehf
Netorka hf
Nonni Litli Ehf
Nordic Luxury ehf.
Norðurorka hf.
Norlandair ehf.
Norpak Ehf.
Nýi Tónlistarskólinn
Nýja Bílasmiðjan Hf.
Ökuskólinn í Mjódd ehf.
Olíudreifing Ehf.
Onno ehf
Orka ehf
Öryrkjabandalag Íslands
Óskirnar þrjár ehf (Skýrslur og skil)
P. Petersen ehf.
Pálmar ehf
Pizza King Ehf
Prentverk Selfoss Ehf.
PricewaterhouseCoopers ehf.
PROevents ehf
Púst hjá Einari ehf.
Ræstítækni ehf
Raffó ehf
Rafmiðlun hf.
Rafstjórn Ehf
Rafsvið Sf
Rafverk Ag Ehf
Ramis ehf
Reiknir Ehf
Rétt Sprautun Ehf
Réttskil ehf.
Reykholahreppur
Reykholi ehf
Reykjabúið ehf.
Reykjanesbær
Rima Apótek ehf
Rjr Ehf.
S.S. Gólf Ehf
Samherji Ísland ehf.
Samvinnufélag Útgerðarmanna í Neskaupstað
Samvirkni Ehf
Seltjarnarneskirkja
Sendibílar Reykjavíkur ehf.
Sf - 47 Ehf.
Sign ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Sjúkrahúsið Á Akureyri
Skerpa Renniverkstæði Ehf
Skólar Ehf

Vissir þú ...

... að merki Hjálparstarfs kirkjunnar er frá árinu 1971. Hönnuður merkisins er Gísli B. Björnsson, teiknari FÍT. Hann segir frá því að Björn Th. Björnsson listfræðingur hafi gefið honum góð ráð varðandi táknmál merkisins á meðan hann vann að hönnun þess. Merki Hjálparstarfsins samanstendur af krossi, fiski og skál.



Fiskurinn er tákn fyrir Krist.



Krossinn er tákn kristinna söfnuða.



Hjálparstarf kirkjunnar



Skálin táknar hjálpræði.

Skrifstofuvörur ehf.
Sláturhús KvH Ehf
Sörlatunga Ehf
Ssf
Stakkavík ehf.
Stansverk ehf
Stefna Ehf.
Steinbock-Þjónustan Ehf.
Steinprent Ehf.
Stjórnendafélag Austurlands
Stórholt ehf
Straumleiðir Ehf
Súðavíkurhreppur
Suðurverk hf.
Sveitarfélagið Hornafjörður
Tannlæknafélag Íslands
Tannlæknar Mjódd ehf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
THG Arkitektar ehf.
Þorbjörn hf
Þörungaverksmiðjan Hf

Þrif Og Ræstivörur ehf.
Tölvu- og verkfræðipjón ehf
Topptjöld og vagnar ehf.
Tösku- Og Hanskabúðin Ehf
Trackwell hf.
Trésmiðjan Akur ehf.
Trésmiðjan Rein ehf.
Tríg Ehf.
Truenorth Nordic Ehf
Tryggðarbönd Ehf
Túnverk ehf
Túnverk ehf
Ullarverslunin Þingborg
Útfararpjónusta Suðurnesja ehf.
Útfararpjónustan Fylgd ehf
Útfarastofa Kirkjugarðanna
Útskálaskókn
Valdimar L. Gíslason Sf.
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Vélsmiðja Suðurlands Ehf

Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkfærasalan ehf.
Verkmenntaskóli Austurlands
Verktækni ehf
Verslunartækni ehf.
Verslunin Álfheimar ehf
Vestri ehf.
Vesturfarasetrið
Viðhald og nýsmíði ehf
Vietlce-jhk ehf.
Vilhjálmsson sf
Vilko Ehf
Vínberíð Ehf.
Vísir Félag Skipstjórnarmanna
Vogar, Ferðapjónusta
Vökvatengi Ehf
Vörukaup ehf, heildverslun
VPS Verkfræðipjónustan sf.
Wodbud Sf.
Wurth Á Íslandi ehf.
Zenus ehf



Heitir og kaldir gæðapottar



Verð frá 148.000 kr.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

HEILDARLAUSNIR Í FRÁRENNISLÖGNUM OG SKÓLPVIÐGERÐUM

GRÖFUVINNA, LAGNIR, EFNISÖFLUN, FLUTNINGUR OG FRÁGANGUR

STÍFLULOSUN, LAGNAHREINSUN, MYNDATAKA, VIÐGERÐIR OG LAGNAFÓÐRUN

ÞJÓNUSTUM SVEITARFÉLÖG, FYRIRTÆKI, SKIP OG EINSTAKLINGA



Verkval ehf.

Miðhúsavogi 4, 600 Akureyri



Uppbyggingin er risastórt verkefni

Nú eru um tveir mánuðir liðnir frá því að jarðskjálftarnir miklu riðu yfir landamærahéruð Tyrklands og Sýrlands. Ljóst hefur verið frá upphafi að afleiðingarnar skjálftana eru slíkar að erfitt er að gera sér þær í hugarlund.

Gefið hefur verið út að tala látinna í löndunum tveimur sé 56.000 að minnsta kosti, milljónir hafa misst heimili sín og byggingar sem hrundu eða eru óíbúðarhæfar skipta hundruðum þúsunda. Milljónir eru hjálpar þurfi.

Þessi dapurlega tölfræði hamfaranna segir aðeins hluta sögunnar. Tala látinna hækkar stöðugt enda á eftir að bera kennsl á fjölda fólks sem fórst. Aðrir hafa ekki verið skráðir sem látnir eða að þeirra sé saknað. Tyrknesk yfirvöld hafa ekki treyst sér til að gefa út tölur um fjölda þeirra sem er saknað. Í Sýrlandi er það verkefni vonlítið vegna aðstæðna þar í landi eftir áralangt borgarastríð.

Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) telur að jarðskjálftarnir hafi haft neikvæð áhrif á um fimm milljónir barna. Sum hver standa ein, á önnur hefur ekki einu sinni verið borin kennsl og eru upp á vandalausar komin

Ógnarstórt verkefni

Uppbyggingin sem fram undan er ógnarstórt verkefni. Alþjóðabankinn telur að uppbygging íbúðarhúsnæðis og innviða muni að minnsta kosti kosta 34 milljarða Bandaríkjadala – eða tæplega fimm þúsund milljarða

íslenskra króna. Útreikningar Tyrkja sjálfra gera ráð fyrir að uppbygging eftir jarðskjálftana muni kosta umtalsvert meira, eða 49 milljarða Bandaríkjadala (sjö þúsund milljarðar íslenskra króna).

Aðrir telja útilokað að setja verðmiða á verkefnið fram undan enda sé höggið á efnahagskerfi landanna svo þungt að það eigi eftir að draga dilk á eftir sér næstu áratugina

Óvissan í Sýrlandi

Í Sýrlandi reyna menn ekki að reikna. Eftir 12 ára langt borgarastríð eru jarðskjálftarnir aðeins enn eitt höggið. Hvernig á að reikna skaðann af náttúruhamförum þar sem byggðir og innviðir samfélags voru þegar sundur tættir?

Upplýsingar frá Sýrlandi eru enn af skornum skammti. Sameinuðu þjóðirnar ætla að yfir 10 milljónir manna í Sýrlandi hafi orðið fyrir áhrifum skjálftanna, og margir þeirra séu í dag heimilislausir. Opinberar tölur segja 7.200 látna vegna hamfaranna þar í landi en á sama tíma virðast allir sem til þekkja vera sammála um að tala látinna sé miklu, miklu hærri. Er það vegna þess að fólk hefur verið lagt til hvílu án þess að sérstök skráning færi fram um dánarorsök.

Leigan étur upp það litla sem fólk fær

„Ég finn að það gætir meiri örvæntingar hjá þeim sem sækja til okkar núna,“ sagði Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfs kirkjunnar, í síðasta fréttabréfi Hjálparstarfsins en hækkandi húsaleigu, meiri eldsneytiskostnaði og dýrari matarkörfu fylgja þungar áhyggjur hjá þeim sem minnst hafa handa á milli.

Þegar rýnt er í gögn um aðstæður fólksins sem leitaði aðstoðar hjá Hjálparstarfinu núna fyrir jólin kemur í ljós að rúmlega sjö af hverjum tíu þjuggu í leiguíbúð eða leiguherbergi. Stór hluti þessa hóps leigði íbúð á almennum markaði, en hann er mögulega stærri þar sem nokkrir þeirra sem sóttu um aðstoð í desember gáfu ekki upplýsingar um húsnæðiskost sinn.


Sömu gömlu draugarnir

Vilborg sagði að ár frá ári sé fólk sífellt að glíma við sömu draugana sem oftast en ekki sé ógnarhár húsnæðiskostnaður.


„Ef ég ætti að nefna þá hópa sem standa allra verst þá eru það einstæðu konurnar sem eru búnar að vera á örorkubótum til fjölda ára og svo nýir Íslendingar, þessi stóri hópur fólks á flótta. Það er leigan sem er oftast en ekki meinið. Hún er ógnarhá og étur upp það litla sem fólk þó fær.“

Ár hvert leita fjölmargar fjölskyldur eftir stuðningi Hjálparstarfsins á aðventunni svo þær geti gert sér dagamun og glaðst saman um hátíðirnar. Nú, sem fyrr, kemur fram að hlutfall húsnæðiskostnaðar er megin ástæða þess að fólk nær ekki endum saman. Algengt er að þegar húsaleiga hefur verið greidd stendur aðeins lítil hluti greiddra launa eftir.


Húsnæði




Ástæða umsóknar



Kynjaskipting



Þjóðerni



Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi. Ungmennir sem búa við efnislegan skort fá stuðning svo þau geti stundað nám á framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólk þú fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Vatnsskortur, landrof og eyðimerkumyndun einkenna landsvæðð sem fjölskyldan býr á í Sómalíykí.

Með brunni eða vatnspró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukið svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt öryrum og veitt vatni á ræktarlend eykur hún fæðuöryggi sitt og smám saman verður lífsfakoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi lífi.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrholðað og skordýr verpa ekki í veggjum eins og í molderkólanum. Af búrnjálmspakinu má safna vatni sem dugar langt inn í þurkatímann í stað þess að það streymi inn í gísinn kofann. Smám saman verður lífsfakoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarríka fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi lífi.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kíðlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofnin enn frekar og svo er hægt að borða kjötið og njóta skinnis. Smám saman verður lífsfakoman betri.



www.gjofsemgefur.is